

Mál nr. 382/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar búfjáreiganda X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð eiganda og vörslumanns hesta vegna umferðaróhapps.****Gögn.**

Málskot móttakið 1. nóvember 2019, ásamt fylgigögnum og tölvupóstur dags. 10. desember 2019, ásamt athugasemdum

Athugasemdir V dags. 29. nóvember 2019, ásamt gögnum og tölvupóstur V dags. 9. desember 2019 með upplýsingum um vátryggingu.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem liggur fyrir meðal gagna málsins kemur fram að M ók á bifreið sinni á þrjú hross hinn 13. febrúar 2019 á Siglufjarðarvegi. Í skýrslunni er haft eftir M að hann hafi ekið á hrossin og „... hafa verið með cruise control“ á og talið að hann hafi verið að aka á 90 km/klst og að hann hafi verið í bílbelti.“ Í sömu skýrslu kemur fram að X sé eigandi tveggja hrossa og umsjónarmaður sem og hafi hann haft umsjón með þriðja hrossinu og hafi þau verið í hólfi við Efrihól/Undhól. Á myndum sem fylgja lögregluskýrslunni kemur fram að hlið að hólfinu sem hrossin áttu að vera lá niðri auk þess sem komu fram skýringar X á því að hann hefði bundið hliðið báðu megin þegar hann gekk um það síðast. Á vettvangi er lausaganga búfjár bönnuð skv. 50. gr. vegalaga nr. 80/2007.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið hans þar sem vörslur hrossanna hafi ekki verið nægilega tryggar og sá sem fóðraði hrossin síðast hafi ekki bundið hlið að hólfinu sem þau voru geymd í nægilega vel þegar hann gekk um það. M telur sýnt af myndum að hliðinu hafi ekki verið nægilega lokað og þess vegna hafi hrossin sloppið út og ekkert bendi til þess að það hafi verið einhver óviðkomandi sem gekk um hliðið. Einnig bendir M á að ekkert bendi til þess að hrossin hafi brotið sér leið út úr hólfinu með því að brjóta hliðið niður þar sem engin ummerki hafi verið um það á vettvangi. V telur ósannað að vörslur hrossanna hafi verið ófullnægjandi af hálfu X. Ekki liggi fyrir að frágangur hliðs hafi verið óforsvaranlegur og beri M hallann af sönnunarskorti um það. Einnig vísar V til dóms Landsréttar í máli nr. 918/2018 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í málinu liggja fyrir gögn sem sýna að þrjú hross sem öll voru í vörslum X hafi sloppið út úr hólfi sem þau voru í við Siglufjarðarveg þar sem girt er beggja vegna vegar og lausaganga búfjár því bönnuð skv. ákvæðum vegalaga. Rík skylda hvílir á vörslufólki búfjár við slíkar aðstæður og m.v. sönnunargögn verður að leggja til grundvallar að gengið hafi verið um hlið að hólfinu og ekki nægilega gengið frá því að því loknu. Verður að meta vörslumanni hrossa það til gáleysis að hafa ekki haft nægt eftirlit með hliðinu þó Aðstæður eru ekki sambærilegar við dóm Landsréttar í máli nr. 918/2018 þar sem myndir af vettvangi sýna ekki að hrossin hafi getað rutt hliðinu niður. Hins vegar er ljóst af framburði M að hann sýndi ekki næga aðgæslu við akstur á hámarkshraða með cruise control í myrkri, en í lögregluskýrslu kemur fram að óhappið hafi orðið síðla nætur. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V en réttur hans til bóta skerðist um helming vegna meðábyrgðar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V en bótaréttur skerðist um helming vegna meðábyrgðar.

Reykjavík, 14. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.